

## Svar

### félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni ráðuneytisins.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir ráðuneytið?*

Félagsmálaráðuneytið fer á hverjum tíma með málefni í samræmi við forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Samkvæmt 4. gr. forsetaúrskurðarins, nr. 119/2018, sbr. forsetaúrskurð nr. 155/2019, fer félagsmálaráðuneytið með mál er varða:

1. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
2. Félags- og fjölskyldumál, þar á meðal:
  - a. Barnavernd.
  - b. Barnaverndarstofu.
  - c. Þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
  - d. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.
  - e. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
  - f. Málefni aldraðra.
  - g. Málefni innflytjenda og flóttafólks.
  - h. Fjölmenningarsetur.
  - i. Félagslega aðstoð.
  - j. Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
  - k. Félagsþjónustu sveitarfélaga.
    - l. Ráðgjöf og úrræði vegna fjármála heimilanna, þ.m.t. greiðsluaðlögun einstaklinga.
  - m. Umboðsmann skuldara.
  - n. Ættleiðingarstyrki.
  - o. Orlof húsmæðra.
3. Lífeyristryggingar almannatrygginga, þar á meðal:
  - a. Lífeyristryggingar og eftirlaun aldraðra.
  - b. Tryggingastofnun ríkisins.
  - c. Fjárhagsaðstoð við lifandi líffæragjafa.
4. Húsnæðis- og mannvirkjamál, þar á meðal:
  - a. Húsnæðislán.
  - b. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.
  - c. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.
  - d. Húsnæðissjóð.
  - e. Húsaleigumál.
  - f. Húsnæðisbætur.
  - g. Húsnæðissamvinnufélög og byggingarsamvinnufélög.
  - h. Almennar íbúðir.
  - i. Húsnæðissjálfsseignarstofnanir.
  - j. Húsnæðismálasjóð.

- k. Fjöleignarhús.
  - l. Frístundabyggð.
  - m. Kærunefnd húsamála.
  - n. Eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra.
  - o. Brunavarnir.
  - p. Eftirlit með byggingarvörum.
  - q. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum.
  - r. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
5. ...
6. Vinnumál, þar á meðal:
- a. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
  - b. Starfsmannaleigur.
  - c. Aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
  - d. Vinnueftirlit ríkisins.
  - e. Vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.
  - f. Félagsdóm.
  - g. Vinnumarkaðsaðgerðir.
  - h. Sáttastörf í vinnudeilum.
  - i. Ríkissáttasemjara.
  - j. Atvinnuleysistryggingar.
  - k. Atvinnutengda starfsendurhæfingu.
  - l. Atvinnuréttindi útlendinga.
  - m. Ábyrgð á launum við gjaldþrot.
  - n. Fæðingar- og foreldraorlof.
  - o. Vinnumálastofnun.
  - p. Félagsmálaskóla alþýðu.
7. Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Á grundvelli stöðu sinnar sem æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins fer ráðherra með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart stjórnvöldum sem undir hann heyra, sbr. 12. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Í 13. gr. sömu laga kemur fram að ráðherra hafi eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum stjórnvalda sem heyra undir almennar stjórnunarheimildir hans sem og þeirra sjálfstæðu stjórnvalda sem heyra stjórnar-farslega undir ráðherrann.

Í 3. mgr. 27 gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, er kveðið á um ábyrgð ráðherra á virku eftirliti með framkvæmd fjárlaga og að ráðstöfun fjárveitinga sé innan ramma þess er Alþingi ákveður. Í 1. mgr. 20. gr. fyrrnefndra laga er einnig fjallað um ábyrgð ráðherra að setja fram heildstæða stefnu málefnasviða og málaflokka sem hann ber ábyrgð á og undir hans ráðuneyti falla.

*2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna ráðuneytisins og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Í fylgiriti fjárlaga árið 2020 er heildarfjárheimild til reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins 726,7 millj. kr. Fjárveitingar eru ekki sundurliðaðar eftir lögbundnum verkefnum.